

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2005

Magnús B. Jónsson, Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2005. Ætlunin er hér á eftir að gefa yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gera grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 31 naut í árgangi 2005. Árgangurinn er að mestu synir tveggja nautsfeðra, Stígs 97010 sem á 23 syni og Teins 97001 sem á 6 syni en auk þess er einn undan hvoru nautanna Byl 97002 og Hersi 97033. Einkenni þessa nautaárgangs er mikil afurðasemi, sterk júgur og spenagerð en misjafnar mjaltir og breytilegt skap. Ákvörðun um besta nautið í árganginum liggur ekki fyrir.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna.

Stöðull 05001, frá Brekkukoti í Borgarbyggð.

F: Stígur 97 010, M: Gullbrá 63, MF: Stígur 97010

Mun fleiri dætur Stöðuls eru einlitar en tvílitar. Algengasti tvílitur er huppóttur. Rauði grunnliturinn er langalgengastur en einnig bröndóttur. Afurðasemi dætra Stöðuls er mjög góð og aðrir eiginleikar koma einnig vel út. Dætur hans eru meðalstórar, fremur bolgrannar, júgurhraustar kýr með vel borin júgur. Júgurfesta og júgurband er mjög gott, spenar í meðallagi langir, fremur þykkir en vel staðsettir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en skap breytilegt. Stöðull verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Bauti 05002 frá Miðfelli V, Hrunamannahreppi.

F: Teinn 97001, M: Baula 129, MF: Negri 91002

Mikil litafjölbreytni einkennir þennan dætrahóp og eru fleiri tvílitar en einlitar. Allir grunnlitir koma fyrir nema grár en svartur er algengastur. Langalgengasti tvílitur er hryggjóttur. Afurðasemi dætra Bauta er í tæpu meðallagi en þetta eru fremur grannbyggðar en sterkbyggðar kýr með grannar, lítið eitt hallandi malir. Júgur eru mjög vel borin, júgurband mjög sterkt en júgurfesta í meðallagi. Spenar eru vel gerðir og staðsetning góð, mjaltir góðar og skap í tæpu meðallagi. Kýrnar eru endingargóðar.

Bauti verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Rútur 05004 frá Akri, Eyjafjarðarsveit.

F: Stígur 97010, M: Frekja 284, MF: Nagli 97005

Langflestar dætur Rúts eru einlitar og rauði liturinn er nokkuð yfirgnæfandi, þó að grunnliti aðra en gráu litina sé að finna meðal þeirra. Flestir tvílitir finnast en algengastir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Rúts er mjög góð, þó er prótein % fremur lág. Þetta eru fremur bolgrannar og útlögulitlar kýr með fremur góða malabyggingu og fótstöðu í meðallagi. Júgur eru sæmilega vel borin en júgurfesta og júgurband fremur slakt, spenar ívið of langir en allvel lagaðir, vel settir. Mjaltir eru slakar og skap mjög breytilegt.

Rútur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Oddgeir 05006 frá Oddgeirshólum í Flóahreppi.

F: Stígur 97010, M: Lukka 469, MF: Blakkur 93026

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi nema gráu litirnir og eru rauður og kolóttur algengastir. Meirihluti dætranna er einlitar og algengasti tvíliturinn er huppóttur. Nokkuð er um

hyrndar kýr. Afurðasemi dætra Oddgeirs er góð en efnahlutföll slök. Þessar kýr eru fremur grannbyggðar og í meðallagi stórar. Malir eru grannar og þaklaga og fótstaða í meðallagi. Júgurgerð er slæm og júgurband og júgurfasta slök, spenar langir og grófir en allvel settir. Mjaltir eru mjög slæmar, margar dætranna mjög fastmjólka. Skap er mjög breytilegt. Oddgeir verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Sláni 05007 frá Tröð í Borgarbyggð.

F: Teinn 97001, M: Frísk 247, MF: Frískur 94026

Alla grunnliti nema gráu litina er að finna í þessum dætrahópi og eru rauður og bröndóttur algengastir. Meirihluti dætrahópsins er tvílitur og lang algengasti tvíliturinn er hryggjóttur. Afurðasemi dætra Slána er allgóð hvað varðar afurðamagn og fituhlutfall er hátt. Þessi dætrahópur er fremur bolgrunnar og útlögulitlar kýr með fremur góðar malir og fótstöðu. Júgurgerð þeirra er góð, sterkt júgurband og góð júgurfasta, spenar vel staðsettir, hæfilega langir og vel lagaðir. Mjaltir eru slæmar og skap breytilegt. Sláni verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Hryggur 05008 frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi.

F: Teinn 97001, M: Bára 221, MF: Þokki 97776

Mikil litafjölbreytni einkennir þennan dætrahóp. Alla grunnliti er þar að finna nema gráu litina. Meirihluti dætrahópsins er tvílitur og flestar tvílitu kýrnar eru hyggjóttar og huppóttar. Afurðasemi dætra Hryggs er góð og á það einkum við um efnahlutföll, bæði fitu og prótein. Þetta eru kýr með sterka yfirlínu og fremur grannar, vel gerðar malir og góða skrokkbyggingu. Júgur eru vel borin, júgurband sterkt og júgurfasta góð. Spenar eru hæfilega langir og vel lagaðir. Mjaltir eru slakar en kýrnar mjög skapgóðar. Hryggur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Hnappur 05009 frá E.-Seljalandi í Rangárþingi eystra.

F: Stígur 97010, M: Slaufa 302, MF: Hafur 90026

Stærstur hluti dætrahópsins er einlitur og eru rauður og bröndóttur litur algengastir en algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Hnapps er mikil bæði hvað varðar mjólk og verðefni. Þetta eru fremur sterkbyggðar kýr með fremur breiðar og vel gerðar malir og góða fótstöðu. Júgurgerð er í tæpu meðallagi og júgurband og júgurfasta fremur veik. Spenar eru stuttir, vel gerðir og mjög vel settir. Mjaltir eru slæmar og skap mjög breytilegt. Hnappur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Hávarður 05010 frá Skeiðháholti í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

F: Stígur 97010, M: Flétta 342, MF: Frískur 94026

Rauðar og bröndóttar kýr eru algengastar í þessum hópi. Meirihluti kúnna er einlitur en algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Hávarðar er góð hvað varðar afurðamagn og efnahlutföll. Þessar kýr eru fremur bolmiklar, virkjamiklar en fremur grófbyggðar, malir eru fremur breiðar, fremur flatar en hallandi og fótstaða fremur slök. Júgurgerð er slök, júgurband veikt en júgurfasta allgóð. Spenar hæfilega langir og vel settir. Mjaltir eru í slöku meðallagi og skap mjög breytilegt. Hávarður verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ferðalangur 05011 frá E.-Brúnavöllum II, Skeiða og Gnúpverjahreppi.

F: Teinn 97010, M: Slóð 188, MF: Stígur 97010

Meirihluti dætrahópsins er tvílitur og algengast er að kýrnar séu hryggjóttar en einnig finnast huppóttar og skjöldóttar. Rauður og rauðbröndóttur eru algengastir grunnlita en einnig dökkkolóttur og svartur. Afurðasemi dætra Ferðalangs er í tæpu meðallagi. Þessar kýr eru fremur grannbyggðar með sterka yfirlínu. Malir eru fremur grannar en vel gerðar. Júgur eru sæmilega löguð en jógurband fremur slakt og jógurdýpt of mikil. Spenar eru hæfilega langir, vel gerðir og vel settir. Mjaltir og skap eru í slöku meðallagi.

Ferðalangur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Gegnir 05012 frá E.-Gegnishólum í Flóahreppi

F: Stígur 97010, M: Gæfa 344, MF: Punktur 94032

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi. Meirihluti hópsins er einlitur og rauður litur er algengastur en tíðni grunnlita fremur jöfn. Algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Gegnis er slök en efnahlutföll í mjólkinni eru góð. Þetta eru fremur bolmiklar kýr með fremur grófa yfirlínu en góðar malir og fótstöðu. Þær eru jógurhraustar með mjög vel borin júgur og jógurband og jógurfesta góð. Spenar eru hæfilega langir, vel gerðir og mjög vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og skap kúnna nokkuð breytilegt.

Gegnir verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Standur 05013 frá Skálpastöðum í Borgarbyggð.

F: Teinn 97001, M: Reyður 826, MF: Seifur 95001

Flestir grunnlitir finnast hjá dætrum hans en algengastir eru rauður og kolóttur. Meirihluti kúnna er tvílitur. Algengustu tvílitir er hryggjóttur og skjöldóttur en þeir finnast allir í hópnunum. Afurðasemi dætra Stands er góð, þó er próteinhlutfall lágt. Þetta eru grannbyggðar kýr með litla boldýpt, með grannar en vel gerðar malir og góða fótstöðu. Júgur eru mjög vel borin, jógurband sterkt og jógurfesta mjög góð en gerð jógurs í meðallagi. Spenar eru ívið langir, fremur þykkir en vel staðsettir. Mjaltir eru góðar en skap í tæpu meðallagi.

Standur verður tekinn í framhaldsnotkun.

Renningur 05014 frá Lambhaga í Rangárþingi ytra.

F: Stígur 97010, M: Ára 325, MF: Hjálmar 97188

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi nema grár. Meirihluti kúnna er einlitur og rauði liturinn algengastur. Algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Rennings er góð, þó eru efnahlutföll aðeins í meðallagi. Þessar kýr eru rýmismiklar, fremur stórar og sterkbyggðar. Malir þeirra eru breiðar, lítið eitt hallandi og fremur flatar og fótstaða sterk. Júgur eru vel borin, jógurband og jógurfesta í meðallagi sterk. Spenar eru hæfilega langir, fremur þykkir og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi en skap í tæpu meðallagi.

Renningur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Moli 05015 frá Holti, Húnavatnshreppi

F: Stígur 97010, M: Blanda 74, MF: Meitill 98008

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi nema grár en algengastir eru rauður og rauðbröndóttur. Meirihluti kúnna er einlitur en algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Mola er mjög góð bæði hvað varðar mjólk og verðefni. Þetta eru fremur grófbyggðar kýr með lítið eitt hallandi og þaklaga malir og fremur þrönga fótstöðu. Júgur eru vel borin, jógurband sterkt og jógurfesta í meðallagi. Spenar eru hæfilega langir, vel gerðir og vel settir. Mjaltir eru slæmar og skap breytilegt.

Moli verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Grallari 05017 frá Hjarðarfelli í Eyja og Miklaholtshreppi**F: Stígur 97010, Huppa 185, MF: Frískur 94026**

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi. Meirihluti dætrahópsins er einlitur og algengustu grunnlitir eru rauður og bröndóttur. Huppóttur og skjöldóttur er algengustu tvílitir. Afurðasemi dætra Grallara er í meðallagi góð hvað varðar mjólk en mikil varðandi verðefni. Þessar kýr eru nokkuð jafnbyggðar og sterkbyggðar. Malir eru í meðallagi breiðar, sterkar og vel lagaðar en fótstaða lítið eitt þröng. Júgur eru í meðallagi vel borin, júgurband veikt og júgurfasta fremur slök. Spenar eru fremur stuttir og þykkir en framspenar gleitt settir. Mjaltir eru góðar og skap gott.

Grallari verður ekki valinn til framhaldsnotkunar.

Gussi 05019 frá Dagverðareyri í Hörgárbyggð**F: Stígur 97010, M: Gusa 699, MF: Kaðall 94017**

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi og er tíðni grunnlitanna fremur jöfn. Meirihluti dætrahópsins er einlitur og algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Gussa er í góðu meðallagi hvort sem er fyrir mjólk eða efnahlutföll. Þetta eru stórar kýr og rýmismiklar. Malir eru breiðar, vel lagaðar og fremur flatar og fótstaða góð. Júgur eru allvel löguð og júgurfasta góð. Spenar eru stuttir, fremur grannir og vel settir. Kýrnar eru júgurhraustar. Mjaltir og skap eru í slöku meðallagi en þetta eru fremur vinsælar kýr.

Gussi verður tekinn í framhaldsnotkun.

Þengill 05022 frá Þverlæk í Holta og Landssveit**F: Stígur 97010, M: Hringrás 466, MF: Kóri 97023**

Alla grunnliti nema gráan er að finna í þessum dætrahópi. Ríflega helmingur hópsins er einlitur og nær öll afbrigði af tvílit finnast þó huppóttur sé algengastur. Afurðasemi dætra Þengils er allgóð bæði hvað varðar mjólk og efnahlutföll. Þessar kýr eru fremur stórar og all rýmismiklar með sterka malabyggingu og fremur góða fótstöðu. Júgur eru vel borin og júgurband sterkt. Spenar eru fremur langir og grannir en vel settir. Mjaltir eru mjög góðar en skap afleitt.

Þengill verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Þrjótur 05024 frá Miklagarði í Dalabyggð**F: Stígur 97010, M: Kopra 71, MF: Rosi 97037**

Nær allur dætrahópurinn er einlitur og flestar kýrnar eru rauðar en aðrir grunnlitir nema grár finnast. Algegnasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Þrjóts er mjög góð, þó er fituhlutfall lágt. Þessar kýr eru fremur veikbyggðar og bolgrannar. Malir eru grannar, lítið eitt hallandi og fótstaða þröng. Júgurgerð er fremur veik, júgurband í meðallagi sterkt og júgurfasta fremur slök. Spenar eru fremur stuttir, vel lagaðir og vel settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð um mismjaltir en skap mjög breytilegt.

Þrjótur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Goði 05025 frá Brúnastöðum I í Flóahreppi**F: Stígur 97010, M: Húfa 262, MF: Punktur 94032**

Rauður eða bröndóttur litur er algengastur hjá þessum kúm, en flestir grunnlitir finnast. Ríflega helmingur hópsins er tvílitur og finnast flestir litanna í hópnum en algengastir eru krossóttur og huppóttur. Afurðasemi dætra Goða er mikil hvað varðar mjólkurmagn en síðri hvað varðar

efnahlutföll. Kýrnar eru yfirleitt virkjamiklar og sterkbyggðar. Malir eru breiðar, fremur flatar og fótstaða lítið eitt hokin. Júgur er tæplega nógu vel borið og júgurfesta mjög slök. Spenar eru hæfilega langir og fremur þykkir en allvel settir. Mjaltir eru mjög slæmar og skap í slöku meðallagi.

Goði verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Baugur 05026 frá Kotlaugum í Hrunamannahreppi

F: Stígur 97010, M: Toppa 276, MF: Punktur 94032

Mikil litafjölbreytni einkennir þennan dætrahóp. Algengasti grunnlitur er rauður eða rauðbröndóttur. Flestar kýrnar eru tvílitar og algengastar eru húfóttar, krossóttar og skjöldóttar. Afurðasemi dætra Baugs er mjög mikil hvað varðar mjólkurmagn en efnahlutföll eru afar lág. Þessar kýr eru yfirleitt meðalstórar og rýmismiklar en fremur fínbyggðar. Malir eru fremur grannar og vel lagaðar en fótstaða fremur þröng. Júgur eru allvel gerð en júgurband í meðallagi og júgurfesta. Spenar eru fremur langir, þykkir og fremur gleitt settir framspenar. Mjaltir eru slakar og nokkuð um mismjaltir. Skap er gott og kýrnar þægilegar.

Baugur verður tekinn í framhaldsnotkun.

Gaukur 05027 frá Brúnastöðum I í Flóahreppi

F: Stígur 97010, M: Bomba 257, MF: Punktur 94032

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi, algengastir rauður og rauðbröndóttur. Meirihluti hópsins er einlitur og algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Gauks er slök, einkum hvað varðar verðefni. Dæturnar eru stórar og virkjamiklar, fremur grannbyggðar með breiðar malir og góða fótstöðu. Júgur eru allvel borin, júgurfesta góð en júgurband veikt. Spenar eru fremur langir, vel gerðir og allvel settir. Mjaltir eru í slöku meðallagi og skap afleitt.

Gaukur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Vindill 05028 frá Ytri Tjörnum í Eyjafjarðarsveit

F: Stígur 97010, M: Kúba 544, MF: Kaðall 94017

Allir grunnlitir nema gráir finnast í þessum dætrahópi en algengastir eru rauður og dökkkolóttur. Meirihluti dætrahópsins er einlitur en algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Vindils er mjög góð, þó er próteinhlutfall í meðallagi. Þetta eru sterkbyggðar og rýmismiklar kýr með breiðar vel gerðar malir og sterka fótstöðu. Júgur eru vel borin og júgurfesta góð og fremur sterkt júgurband. Spenar eru hæfilega langir, vel gerðir og vel settir, mjaltir og skap mjög gott.

Vindill verður tekinn í framhaldsnotkun og notaður sem nautsfaðir.

Brandur 05029 frá Dalbæ I í Hrunamannahreppi

F: Bylur 97002, M: Raforka 55, MF: Friskur 94026

Alla grunnliti nema gráan er að finna í þessum dætrahópi. Flestar kýrnar eru einlitar og algengastar eru rauðar og bröndóttar. Algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Brands er í meðallagi, bæði hvað varðar afurðamagn og efnahlutföll. Þessar kýr eru sterkbyggðar og fremur grófbyggðar. Malir eru breiðar, lítið eitt hallandi og fótstaða góð. Júgur eru allvel löguð en júgurfesta fremur slök og júgurband mjög veikt. Spenar eru hæfilega langir, mjög þykkir og fremur gleitt settir framspenar. Mjaltir eru mjög slæmar og mikið um mismjaltir og skap afleitt.

Brandur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Herkules 05031 frá Bessastöðum í Húnaþingi vestra

F: Stígur 97010, M: Sóldögg 130, MF: Friskur 94026

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en langflestar kýrnar eru rauðar eða kolóttar. Flestar þeirra eru einlitar en algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Herkulesar er mjög góð, einkum hvað varðar verðefni. Þetta eru stórar kýr og sterkbyggðar með góða malabyggingu og sterka fótstöðu. Júgur eru mjög vel borin og júgurfasta mjög góð. Spenar eru fremur langir, vel lagaðir en fremur gleitt settir framspenar. Mjaltir eru í meðallagi en skap mjög breytilegt. Herkules verður tekinn í framhaldsnotkun.

Stjarni 05032 frá Stakkhamri í Eyja og Miklaholtshreppi

F: Stígur 97010, M: Freyja 126, MF: Kaðall 94017

Nær allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi og eru rauður og kolóttur algengastir. Um helmingur kúnna er einlitur en allir tvílitir finnast og algengastir þeirra huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Stjarna er góð bæði hvað varðar mjólkurmagn og verðefni. Þetta eru grannbyggðar en sterkbyggðar kýr með vel lagaðar malir og góða fótstöðu. Júgur eru allvel borin, júgurband sterkt en júgurfasta í meðallagi. Spenar eru mjög langir, vel lagaðir en fremur gleitt settir framspenar. Mjaltir eru í slöku meðallagi og kýrnar eru skapgóðar. Stjarni verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Frami 05034 frá Skúfsstöðum í Skagafirði

F: Stígur 97010, M: Framtíð 84, MF: Kaðall 94017

Grunnlitir fyrir utan gráan finnast í þessum dætrahópi og er yfirgnæfandi hluti kúnna rauður eða bröndóttur, meirihlutinn er tvílitur og algengast að kýrnar séu huppóttar og skjöldóttar. Afurðasemi dætra Frama er mjög góð fyrir mjólkurmagn og verðefni, þó er próteinhlutfall aðeins í meðallagi. Dætur Frama eru stórar og rýmismiklar kýr með fremur slaka malabyggingu og þrönga fótstöðu. Júgur eru allvel borin, júgurband í meðallagi en júgurfasta slök. Spenar eru fremur stuttir og vel lagaðir en lítið eitt gleitt settir framspenar. Mjaltir eru mjög góðar en skap mjög breytilegt, kýrnar þó vinsælar.

Frami verður tekinn í framhaldsnotkun.

Sússi 05037 frá Hóli í Dalvíkurbyggð

F: Stígur 97010, M: Gilitrutt 378, MF: Kaðall 94017

Mikil litafjölbreytni einkennir þennan dætrahóp þó rauður sé algengastur og flestir grunnlitir finnast. Meirihluti dætrahópsins er tvílitur og algengastir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Sússa er mjög góð hvað varðar mjólkurmagn en efnahlutföll eru lág. Þetta eru fínbyggðar kýr en sterkbyggðar með góða boldýpt. Malir eru grannar, vel gerðar, fótstaða fremur þröng og lítið eitt hokin. Júgur eru fremur illa borin, júgurband veikt og júgurfasta slök. Spenar eru hæfilega langir en lítið eitt gleitt settir framspenar. Mjaltir og skap eru í meðallagi. Sússi verður tekinn í framhaldsnotkun.

Röskur 05039 frá Brúnastöðum I í Flóahreppi

F: Stígur 97010, M: Sunna 241, MF: Rosi 97037

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en langflestar kýrnar eru rauðar eða kolóttar. Flestar kúnna eru einlitar og algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Röskur er mjög góð, einkum hvað varðar afurðamagn en síður varðandi efnahlutföll. Þessar kýr eru fremur grófbyggðar, með fremur veika yfirlínu. Malir eru vel lagaðar, lítið eitt þaklaga og fótstaða góð. Þetta eru júgurhraustar kýr með mjög vel borin júgur, sterkt júgurband og allgóða júgurfestu. Spenar eru vel lagaðir og vel staðsettir. Mjaltir eru góðar, kýrnar skapgóðar og vinsælar. Röskur verður tekinn í framhaldsnotkun.

Ljúfur 05040 frá Núpstúni í Hrunamannahreppi**F: Teinn 97001, M: Gæfa 151, MF: Kaðall 94017**

Allir grunnlitir nema grár finnast í þessum dætrahópi en langflestar kýrnar eru ljósrauðar eða rauðar. Flestar kýrnar eru tvílitar og eru huppóttar og hryggjóttar algengastar. Afurðasemi dætra Ljúfs er góð bæði hvað varðar mjólkurmagn og verðefni. Þetta eru fremur stórar, fínlegar kýr, bolgrannar, með góða malabyggingu og sterka fótstöðu. Júgur eru allvel löguð og júgurfesta góð. Spenar eru fremur langir, grannir en vel settir. Mjaltir eru mjög slæmar en kýrnar skapgóðar. Ljúfur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Bifur 05041 frá Helgavatni í Borgarbyggð**F: Hersir 97033, M: Fiðla 160, MF: Almar 90019**

Flestar kýr í þessum dætrahópi eru rauðar, rauðbröndóttar eða bröndóttar Tæplega helmingur kúnna er einlitur og algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Bifurs er góð bæði hvað varðar mjólkurmagn og verðefni. Þetta eru grannbyggðar og fremur fínbyggðar kýr, með fremur grannar, vel lagaðar malir og góða fótstöðu. Júgur eru tæplega nógu vel löguð, júgurband veikt og júgurfesta slök. Spenar eru langir, fremur grannir og framspenar gleitt settir. Mjaltir eru mjög slæmar og skap undir meðallagi. Bifur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Gimli 05042 frá Geirshlíð í Borgarbyggð**F: Stígur 97010, M: Sóley 167, MF: Hafur 90026**

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en langflestar kýrnar eru rauðar eða kolóttar Meirihluti kúnna er einlitur en algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Gimlis er í meðallagi bæði hvað varðar mjólkurmagn og efnahlutföll. Þetta eru fremur fínlegar kýr, bolgrannar, með sterka yfirlínu, góða malabyggingu og sterka fótstöðu. Júgur eru mjög vel löguð, júgurband sterkt og júgurfesta góð. Spenar eru vel lagaðir og vel settir, mjaltir góðar en skap mjög breytilegt.

Gimli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Birtingur 05043 frá Birtingaholti I í Hrunamannahreppi**F: Stígur 97010, M: Skjalda 428, MF: Kaðall 94017**

Allir grunnlitir utan grár finnast í þessum dætrahópi en algengasti liturinn er rauður og svartar kýr eru algengari í þessum dætrahópi en öðrum í árganginum. Meirihluti kúnna er tvílitur og algengastar eru huppóttar og skjöldóttar. Afurðasemi dætra Birtings er mjög góð, bæði hvað varðar mjólkurmagn og verðefni. Þetta eru fremur stórar kýr, virkjamiklar og rýmisgóðar með breiðar malir og vel lagaðar og sterka fótstöðu. Júgur eru sérlega vel borin, júgurband sterkt og júgurfesta mjög góð. Spenar hæfilega langir, grannir en vel settir. Mjaltir eru góðar og skap í meðallagi.

Birtingur verður tekinn í framhaldsnotkun og notaður sem naufsfaðir.